

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn nr. 405/2004.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Óheimilt er að meðhöndla náttúrulegt ölkelduvatn og/eða átappað lindarvatn í upprunalegu ástandi nema á eftirtalinn hátt og að því tilskildu að meðhöndlun samkvæmt 1., 2. og 3. tölul. hafi ekki áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því sér eiginleika:

1. Með síun eða fellingu til að fjarlægja óstöðug efni þess svo sem járn og brennisteins-sambönd, mögulega að undangenginni súrefnisbindingu.
2. Með því að fjarlægja óæskileg efni og efnasambönd önnur en þau sem tilgreind eru í 1. tl. og 3. mgr. þessarar greinar.
3. Með eðlisfræðilegum aðferðum til eyðingar óbundins koltvísýrings, algjörlega eða að hluta.
4. Með því að bæta koltvísýringi í vatnið ef það er gert í samræmi við skilgreiningar á freyðandi náttúrulegu ölkelduvatni eða freyðandi lindarvatni, sbr. 9. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2003/40/EB sem vísað er til í 26. tl. XII. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. desember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaðarhlutdeild við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 10.500 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2005.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 2. desember 2004.

Guðjón E. Friðriksson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 100.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.